

Til: Bæjarráðs

Frá: Guðrúnu Birgisdóttur

Dags. 3. febrúar 2021

Mnr. 2021010112



ÍSAFJARÐARBÆR

Kostnaðaráætlun vegna aukningu stöðugilda við leikskólann Sólborg/Tanga.

Lögð var fram beiðni um aukningu á stöðugildum um 2,6 við leikskólann Sólborg á fræðslunefndarfundum þann 28. janúar 2021. Þar vísaði fræðslunefnd málinu áfram til bæjarráðs. Ekki var gert ráð fyrir þessum kostnaði í fjárhagsáætlun leikskólans fyrir árið 2021, en getið var um hann í skýrslu sem lögð var fram með fjárhagsáætlun 2021. Því þarf að gera viðauka vegna þessa kostnaðar. Ekki hefur fundist svigrúm innan sviðsins til að mæta þessum kostnaði.

Beiðni þessi er vegna fjöggra barna sem Sólveig Norðfjörð sálfræðingur vísaði áfram til frekari greiningar vegna gruns um þroskahömlun og röskun á einhverfurófi. Greiningar og ráðgjafastöð ríkisins hefur samþykkt að vísa málum barnanna áfram inn á yngri barna svið Greiningar- og ráðgjafastöðvar.

Stofnað hefur verið þverfaglegt teymi um þessi börn með baklandi hjá heilsugæslu, barnalækni, skólapijónustu og félagsþjónustu, ásamt því að ráðgjafi frá greiningastöð veitir reglubundna faglega ráðgjöf til leikskóla og foreldra.

Samkvæmt leiðbeinandi ferli fyrir leikskóla um meðhöndlun mála barna með sérparfir í leikskólum Ísafjarðarbæjar, er unnið eftir eftirfarandi:

Ef barn með þroskaraskanir og/eða önnur frávik er í leikskólanum getur sérkennslustjóri/leikskólastjóri sótt um ákveðinn fjölda sérkennslustunda fyrir deildina til að koma til móts við aukið álag sem skapast getur. Sérkennslustundir skulu metnar fyrir hvert tilfalli fyrir sig og fara inn í viðkomandi deild.

Eftirfarandi flokkun er lögð til grundvallar við úthlutun sérkennslustunda, miðað við heilsdagsdvöl.

Skipting stuðningsflokka:

Flokkur 1: Börn sem þurfa á verulegri aðstoð að halda í daglegu lífi vegna t.a.m. fjölfötunar, alvarlegrar þroskaröskunar, verulegrar hreyfihömlunar (hjólástóll, hækjur), verulegrar tengslaskerðingar (einhverfu), blindu, heyrnaleysis eða alvarlegrar málhömlunar.

Tímafjöldi er 4-8 tímar.

Í lögum um leikskóla frá 2008 segir í

22. gr. Framkvæmd sérfræðipjónustu.

Börn sem þurfa sérstaka aðstoð og þjálfun, að mati viðurkenndra greiningaraðila, eiga rétt á slíkri þjónustu innan leikskólans. Þjónusta þessi skal fara fram undir handleiðslu sérfræðinga samkvæmt ákvörðun leikskólastjóra og sérfræðipjónustu skv. 21. gr. í samráði við foreldra.

Launakostnaður 1 stöðugildi vegna sérkennsluúrræðis á Tanga frá 1. febrúar- 31. júlí
Launakostnaður 1,6 stöðugildi vegna sérkennsluúrræðis á Sólborg frá 1. mars- 31. des

Áætlaður kostnaður vegna þessara 2.6 stöðugilda verður:

Launakostnaður samtals 10.054.360.-